

Styrkur til verkefna og viðburða á málefnasviðum  
ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra  
26. apríl 2020

GamanGaman kt. 430119-0520  
Eyþór Jónsson og Ársæll Nielsón  
jovinsson@icelandcomedyfilmfestival.com  
IcelandComedyFilmFestival.com



# GAMANMYNDAHÁTÍÐ FLATEYRAR 2020

FYNDNASTA KVIKMYNDAHÁTÍÐ ÍSLANDS



# GAMANMYNDAHÁTÍÐ FLATEYRAR 2020

SVIPMYNDIR FRÁ ÁRINU 2019



# GAMANMYNDAHÁTIÐ FLATEYRAR 2020

## MARKMIÐ HÁTIÐARINNAR ERU ÞRÍÞÆTT

**Að styrkja samfélagið á Flateyri og Vestfjörðum.**

Gamanmyndahátið Flateyrar hefur styrkt samfélagið á Flateyri með margvislegum hætti undanfarin ár. Nú þegar hefur hátiðin skapað hálfársstarf á Flateyri og vonumst við til þess að þau verði orðin tvö innan fimm ára. Þá hefur hátiðin aukið menningarlega fjölbreytni á svæðinu og gert það að vænlegri búsetukosti samhliða því að styrkja jákvæða mynd Flateyrar, sem var mikil þörf á.

**Að skapa skemmtilega og gamansama kvikmyndahátið á Íslandi.**

Gamanmyndahátið Flateyrar er eina kvikmyndahátiðin á Íslandi, og aðeins ein örfárri í heiminum, sem séhæfir sig í gamanmyndum. Með áherslu á gamansamar kvikmyndir auk annara skemmtilegra viðburða hefur okkur tekist að skapa einstakt andrúmsloft og skemmtilega kvikmyndahátið sem er vel sótt af almenningi. Bæði af heimamönnum, sem og af innlendum og erlendum gestum.

**Að efla gamanmyndagerð á Norðurslóðum.**

Gamanmyndahátið Flateyrar leggur mikla áherslu á fræðslu og vinnusmiðjur sem tengjast gamanmyndagerð, með það að markmiði að fjölga gamanmyndum. Árið 2019 var sett upp fyrsta 48 stunda vinnusmiðjan og á þessu ári verður samskonar vinnusmiðja sett upp á Flateyri, Hólmavík og Patreksfirði, auk þess sem að hún verður einnig sett upp á Grænlandi og Færeyjum á komandi árum. Þannig eflum við gamanmyndagerð á þessum þremur eyjum í Norður-Atlantshafi og styrkjum um leið tengsl og samvinnu þessara landa í gegnum gleði og húmor.



# GAMANMYNDAHÁTIÐ FLATEYRAR 2020

## LISTRÆNT OG MENNINGARLEGT GILDI



Gamanmyndahátið Flateyrar er einn stærsti menningarviðburður Vestfjarða og langstærsta og tekjumesta ferðamannahelgi Flateyrar. Hátiðin býður upp á fjölbreytta og skemmtilega viðburði, sem væru annars ekki í boði á svæðinu. Þannig hefur hátiðin auðgað menningarlífið og bætt lífsgæði íbúa svæðisins.



Hátiðin hefur ekki aðeins haft áhrif á sitt nærsvæði heldur hefur hún haft töluverð áhrif á kvikmyndagerð á Íslandi, þar sem hátiðin hefur skapað einstakan vettvang fyrir íslenska gamanmyndagerð. Ef áætlanir ganga eftir mun hátiðin einnig hafa viðtæk áhrif bæði á Grænlandi og í Færeyjum og stuðla þannig að mikilli grósku í gamanmyndagerð á þessum þremur nágretta eyjum í Norður-Atlantshafi.



Hátiðin hefur ár frá ári aukið áherslu á fræðslu og vinnusmiðjur. Með því móti byggjum við upp nýja kynslóð kvikmyndagerðarmanna sem eru óhræddir við að demba sér í gamanmyndaformið. Þegar hátiðin byrjaði fyrir fimm árum gátum við aðeins frumsýnt sex íslenskar gamanmyndir og dagskráin byggðist að mestu leyti á eldri gamanmyndum. Á seinasta ári voru íslenskar frumsýningarnar orðnar alls fjórtán, sem sýnir þann mikla kraft sem hefur færst í gamanmyndaformið frá því að við hófum starfsemi.

# GAMANMYNDAHÁTIÐ FLATEYRAR 2020

## SAMFÉLAGSLEG ÁHRIF OG TENGLAMYNDUN



Það var unnið markvist að því á seinustu Gamanmyndahátíð að auka samstarf á milli stofnana og fyrirtækja í nærsamfélaginu með það að leiðarljósi að auka fræðslu og þekkingu á svæðinu.

Settar voru upp þrjár vinnusmiðjur sem voru allt frá einum degi upp í nokkrar vikur. Fyrir yngsta aldurshópinn var boðið upp á leiklistarnámskeið í persónusköpun í samstarfi við Leiklistarskóla Borgarleikhússins.

Þá hélt Tónlistarskóli Ísafjarðar listasmiðju með nemendum skólans þar sem þeir sömdu tónlist fyrir Buster Keaton myndina The Boat og léku undir á sýningu hennar fyrir fullu húsi. Í listasmiðjunni fengu nemendur innsýn inn í uppruna og sögu kvikmynda ásamt því að kynnast því hvernig lifandi hljóðfæraleykur var nýttur til að glæða kvikmyndir lifi á árum áður.



Í 48 stunda vinnusmiðjunni sem var unnin í samstarfi við Lýðskóla Flateyrar stýrði leikstjörinn Arnór Pálmi Arnarson örnámskeiði í gamanmyndagerð þar sem þátttakendur fengu 48 klst. til að fullskapa gamanmynd frá hugmynd að frumsýningu.



Nú þegar hafa gestir hátíðarinnar framleitt fimm gamanmyndir sem gerast á Flateyri og hafa þær allar verið unnar í samstarfi við heimamenn. Þannig hefur orðið til öflugt og raunverulegt samtal og samstarf á milli þessa tveggja ólíkra hópa. Það hefur skilað sér í skemmtilegum gamanmyndum sem hafa ferðast á ótal kvikmyndahátíðir víðsvegar um heiminn, með tilheyrandi kynningu á Flateyri.



# GAMANMYNDAHÁTIÐ FLATEYRAR 2020

## NÆSTU SKREF OG FRAMTÍÐARSÝN



Á árinu 2020 verður áframhaldandi uppbygging líkt og undanfarnin ár. Hátiðin hefur vaxið mikið á undanförunum fimm árum, bæði hvað varðar umfang og gestafjölda. Þrátt fyrir að hátiðin sé ný af nálinni hefur henni gengið vel að finna sitt fasta form, sem við munum halda áfram að þróa og byggja ofan á næstu ár.

Áfram verður lögð mikil áhersla á fræðslu og vinnusmiðjur fyrir alla aldurshópa, bæði á Flateyri, sem og viðar á Vestfjörðum. Þá mun hátiðin einnig halda vinnusmiðju á Grænlandi og setja upp gamanmyndasýningar í Færeyjum, þar sem myndir frá íslensku og grænlensku vinnusmiðjunum verða sýndar.

Ef við horfum fimm ár fram í timann, þegar hátiðin mun fagna tíu ára afmæli, þá reiknum við með að halda 10-15 vinnusmiðjur á Íslandi, Grænlandi og í Færeyjum á hverju ári. Reikna má með að þær vinnusmiðjur muni árlega framleiða um fimmtíu stuttar gamanmyndir frá þessum löndum.

Flateyri verður miðpunktur gamanmyndagerðar í Norður-Atlantshafi, þar sem við munum sameina þessar þrjár nágrannabjóðir og efla tengsl þeirra og vináttu í gegnum þá gleði sem gamanmyndir færa okkur.

Þessi umsvif munu tryggja tvö ársstörf á Flateyri og skapa staðnum skemmtilega sérstöðu sem er ómetanleg þegar kemur að því að byggja upp mynd staðarins, sem hingað til hefur verið tengd við náttúruhamfarir og sorg.



# 48 STUNDA GAMANMYNDAKEPPNI

## HUGMYNDAFRÆÐI, MARKMIÐ OG ÁVININGUR

48 stunda kvikmyndakeppni er þekkt fyrirbæri viðsvegar um heiminn en fyrsta slíka keppnin var haldin á Flateyri árið 2019 í tengslum við Gamanmyndahátið Flateyrar.

Í 48 stunda gamanmyndakeppni fá keppendur 48 klst til að fullklára stuttmynd frá hugmynd til frumsýningar. Á hverju ári er unnið með ákveðið þema svo ekki er hægt að mæta með tilbúið handrit i keppnina. Til viðbótar við keppnina er boðið upp á örnámskeið i gamanmyndagerð undir handleiðslu okkar fremsta kvikmyndagerðarfólks i gamanmyndagerð.

Markmið vinnusmiðjunnar er að kynna gamanmyndaformið fyrir ungu og upprennandi kvikmyndagerðarfólki og stuðla að aukinni framleiðslu á gamanmyndum.


Með aukinni framleiðslu á gamanmyndum verður dagskrá Gamanmyndahátíðarinnar veglegri og fyndnari, þar sem hátíðin verður að uppskeruhátið fyrir allar þær 48 stunda gamanmyndakeppnir sem verða haldnar á Íslandi, Grænlandi og i Færeyjum.

### DAGSKRÁ VINNUSMIÐJU

	Dagur 1	Dagur 2	Dagur 3
10:00		Handritsgerð	Kvikmyndataka / Klipp
11:00			
12:00			
13:00			
14:00	Örnámskeið i Gamanmyndagerð undir haldleiðslu okkar færasta kvikmyndagerðarfólks i gamanmyndagerð.	Einstaklingsfundir með leiðbeinanda þar sem farið er yfir handritið og unnið að undirbúningi fyrir kvikmyndatökur.	Einstaklingsfundir með leiðbeinanda þar sem farið er yfir myndefnið og fyrsta klipp.
15:00			
16:00			
17:00			
18:00	Matur og þema ársins kynnt	Kvikmyndataka	Lokafrágangur og export.
19:00			
20:00	48 klst. byrjar að telja niður.		Matur og myndum skilað inn
21:00			
22:00	Hugmyndavinna og handritsgerð		FRUMSÝNING opin áhorfendum
23:00			
24:00			

# 48 STUNDA GAMANMYNDAKEPPNI

## TÍMALÍNA FYRIR ÚTRÁS Á VINNUSMIÐJU





# GAMANMYNDAHÁTIÐ FLATEYRAR 2020

## TÖLULEGAR UPPLÝSINGAR FYRRI HÁTIÐA

Ár:	2016	2017	2018	2019	Samtals:
Fjöldi gamanmynda:	24	22	30	37	113 gamanmyndir
Fjöldi Íslandsfrumsýninga:	6	7	11	24	48 frumsýningar
Fjöldi aðstandenda sem mættu:	11	19	32	48	110 aðstandendur
Gestafjöldi á viðburðum hátíðarinnar:	312	651	810	1,768	3,541 gestir
Fjöldi viðburða:	12	12	14	26	64 viðburðir
<b>Mest sótti viðburðurinn:</b>	Greifaball (106)	Nýtt Lif (92)	Barnasýning (128)	Frumssýning 48 stunda mynda (160)	<b>Pop-up Gamanmyndahátíð í Tasiilaq á Grænlandi:</b>  Fjöldi gamanmynda: 7  Fjöldi áhorfenda: 220  Sýndar voru gamandamar íslenskar stuttmyndir með grænenskum texta.
<b>Heiðursgestur:</b>	Ágúst Guðmundsson	Þráinn Bertelsson	Óskar Jónasson	Edda Björgvinsdóttir	
<b>Heiðursmynd:</b>	Með allt á hreinu	Nýtt lif	Sóðoma Reykjavík	Stella í Orlofi	
<b>Íslensk áhorfendaverðun: Erlend áhorfendaverðun: 48 stunda verðlaun:</b>	Landsliðið	Frægð á Flateyri	Pabbahelgi	Kanari Rubbish robbers Ballarhaf	
<b>Listamenn sem komu fram:</b>	Hugleikur Dagsson og Bylgja Babúlóns	Janus Jakobsson og Mugison	Villi Naglbitur og Jóel Sæmundsson	Tvihöfði og Sveppi	
<b>Ballhljómsveit:</b>	Greifarnir	SKE	Stuðlabandið	Á móti sól	
<b>Viðburðir fyrir utan biósýningar, ball og lokahóf:</b>	Uppistand með Hulla og Bylgju og hláturjoga.	Kvikmyndagjöfningurinn Snitsel og Óbeislað Pub Qiuz.	Leiksýningin Hellisbúinn, Skemmtikvöld með Villa Naglbit, Visindasýning með Villa Visindamanni og fiskisúpuveisla.	Kvöldskemmtun Tvihöfða, Kvöldvaka Ljúðskólans, Laxaveisla, Tónleikabið-sýning Tónlistarskóla Ísafjarðar, Flugeldasýning, 48 stunda vinnusmiðja, Leiklistarskóli Borgarleikhússins, kaffihlaðborð Kvenfélagsins.	

# GAMANMYNDAHÁTIÐ FLATEYRAR 2020

## UPPGJÖR 2019

### ÚTGJÖLD

<b>Launakostnaður</b>	<b>5,157,000</b>
Eyþór Jóvinsson	1,400,000
Ársæll Níelsson	1,400,000
Tónlistarskóli Ísafjarðar	650,000
Á móti sól	637,000
Tvíhöfði	300,000
Arjan Wilmsen	250,000
Skúli Helgi Sigurðsson	250,000
Arnór Pálmi Arnarson	150,000
Sverrir Þór Sverrisson	70,000
Árni Kristjánsson	50,000
<b>Ferðakostnaður</b>	<b>483,373</b>
Air Iceland Connect	95,996
Avis	186,500
Bensín	88,377
Icelandair	112,500
<b>Gisting</b>	<b>633,400</b>
Klapparhlíð	162,000
Bryggjukaffi	20,000
Grundarstígur 8	75,000
Brynjukot	80,000
Litlabýli	60,000
Gamla Bókabúðin	85,000
Iceland Pro Fishing	122,500
Hlemmur Square	28,900
<b>Matur og uppihald</b>	<b>291,539</b>
Vagninn	35,050
Hótel Ísafjörður	42,700
Bryggjukaffi	29,800
Bónus	27,193
Aðrir staðir	41,796
Laxaveisla	115,000

<b>Tækjabúnaður</b>	<b>239,315</b>
Exton	167,550
Snerpa	22,990
Gámþjónustan	34,090
Rúmfatalagerinn	14,685
<b>Prentun og auglýsingar</b>	<b>563,068</b>
Guðjón Ó prentsmiðja	253,975
Sýningarkerfi	37,449
Fjölprent	36,518
Íslandspóstur	44,126
Facebook	156,000
bb.is	35,000
<b>Annað</b>	<b>694,831</b>
Vefsíða	400,000
Drykkir fyrir hátíðargesti	250,000
Ís-Spor	26,000
Smádot og fleira	18,831
<b>Grænlandsferð</b>	<b>811,956</b>
Flug og byrlur	460,820
Gisting	86,000
Tækjaleig	58,934
Sýningaraðstaða	91,910
Uppihald	88,242
Auglýsingar og annað	26,050

**ÚTGJÖLD:** **8.874.482 kr**

### TEKJUR

<b>Opinberir fjárstyrkir:</b>	<b>3,800,000</b>
Kvikmyndamiðstöð	400,000
Barnamenningarsjóður	1,200,000
Grænlandssjóður	800,000
Ríkisstjórn Íslands	350,000
Ísafjarðarbær	200,000
Uppb.sjóð. Vestfjarða	700,000
Íslandsstofa	150,000
<b>Styrkir frá fyrirtækjum:</b>	<b>910,000</b>
Ólgerðin	250,000
Stepustöðin	200,000
Arctic Fish	160,000
Klofningur	100,000
Lýðskólinn á Flateyri	50,000
Fræðslum. Vestfjarða	50,000
Orkubú Vestfjarða	25,000
Ísfell	25,000
Verk Vest	25,000
HG	25,000
<b>Miðasala:</b>	<b>1,380,200</b>
Armbönd á miði.is	168,000
Matarsala á Jómfrúinni	254,700
Miðasala á Tvíhöfða	75,000
Miðasala í Laxaveislu	107,500
Miðasala Á móti sól	637,000
Innsendingargjöld	138,000

**TEKJUR SAMTALS:** **6.090.200**

### NIÐURSTAÐA

<b>TEKJUR:</b>	<b>6,090,200 kr</b>
<b>ÚTGJÖLD:</b>	<b>8,874,482 kr</b>
<b>MISMUNUR:</b>	<b>-2,842,282 kr</b>
<b>Víkjandi launakröfur:</b>	<b>2,900,000 kr</b>
Eyþór Jóvinsson	1,200,000 kr
Ársæll Níelsson	1,200,000 kr
Arjan Wilmsen	250,000 kr
Skúli Helgi Sigurðsson	250,000 kr
<b>REKSTRARAFGANGUR:</b>	<b>68,718 kr</b>

# GAMANMYNDAHÁTIÐ FLATEYRAR 2020

## FJÁRHAGSÁÆTLUN 2020

### ÚTGJÖLD

<b>Launakostnaður</b>	<b>7,000,000</b>
Starfsfólk hátiðarinnar	5,000,000
Skemmtikraftar	2,000,000
<b>Ferðakostnaður</b>	<b>750,000</b>
Innanlandsflug	150,000
Bílaleigur	250,000
Bensín	150,000
Millilandaflog	200,000
<b>Gisting</b>	<b>700,000</b>
Gisting á Flateyri	600,000
Gisting í Reykjavík	100,000
<b>Matur og uppihald</b>	<b>350,000</b>
Uppihald starfsmanna	200,000
Laxaveisla	150,000
<b>Tækjabúnaður</b>	<b>250,000</b>
Tækjaleiga	150,000
Tækjakaup	100,000
<b>Prentun og auglýsingar</b>	<b>650,000</b>
Prentun á dagskrárblaði	250,000
Prentun á auglýsingum	50,000
Fánar og myndaveggir	100,000
Auglýsingabirtingar	200,000
Sendingakostnaður	50,000
<b>Annað</b>	<b>400,000</b>
Vefsíða	200,000
Verðlaunagripir	100,000
Annað og ófyrirséð	100,000

<b>Grænlandsferð</b>	<b>1,500,000</b>
Ferðakostnaður	500,000
Gisting og uppihald	200,000
Tækja- og aðstöðuleiga	150,000
Laun verkefnastjóra	400,000
Laun leiðbeinanda	200,000
Annað	50,000
<b>Færeyjarferð</b>	<b>1,000,000</b>
Ferðakostnaður	300,000
Gisting og uppihald	150,000
Tækja- og aðstöðuleiga	100,000
Laun verkefnastjóra	400,000
Annað	50,000

**ÚTGJÖLD:** 12,600,000 kr

### TEKJUR

<b>Innistæða á reikningi:</b>	<b>68,718</b>
<b>Opinberir fjárstyrkir:</b>	<b>7,300,000</b>
Kvikmyndamiðstöð	800,000
Barnamenningarsjóður	1,500,000
Grænlandssjóður	1,000,000
Ríkisstjórn Íslands	500,000
Ísafjarðarbær	300,000
Uppb.sjóð. Vestfjarða	1,000,000
Íslandsstofa	200,000
Aðrir sjóðir	1,000,000
Danskir sjóðir	1,000,000
<b>Styrkir frá fyrirtækjum:</b>	<b>2,000,000</b>
<b>Miðasala:</b>	<b>2,500,000</b>
<b>Víkjandi launakröfur:</b>	<b>1,000,000</b>

**TEKJUR SAMTALS:** 12,868,718 kr

### NIÐURSTAÐA

**TEKJUR:** 12,868,718 kr  
**ÚTGJÖLD:** 12,600,000 kr

**REKSTRARAFGANGUR:** 268,718 kr



# GAMANMYNDAHÁTIÐ FLATEYRAR 2020

## STARFSÁÆTLUN 2020

